# Lífsgæðareitur • **Vatnshlíð**

Afstöðumynd




## VATNSHLÍÐ - LÍFSGÆÐAREITUR

Lífsgæðareitur í Vatnshlíð verður heildstæður kjarni þar sem búseta, hjúkrun, heilbrigðisþjónusta og önnur þjónusta fyrir eldra fólk fléttast saman. Gert er ráð fyrir hjúkrunarheimili Vigdísarholts með 108–140 hjúkrunarrýmum, um 20 hjúkrunaríbúðum, um 200 íbúðum fyrir eldra fólk og um 3.000 m² þjónustumiðju/heilsukjarna. Heildarbyggingarmagn ofanjarðar er áætlað um 30.000 m².

Meginhugmyndin byggir á samfellu í búsetu og þjónustu, allt frá sjálfstæðri búsetu til hjúkrunar. Hjúkrunarheimilið og þjónustumiðjan mynda kjarna svæðisins og þar verður m.a. aðstaða fyrir heilsugæslu, apótek, sjúkraþjálfun, dagdvöl, líkamsrækt, matsal og aðra þjónustu. Byggingar tengjast eftir þörfum með veðurvörðum tengingum.

Byggðin verður mótuð í smærri húsaklösum, almennt 3–4 hæðir, með allt að 5 hæða kennileitisbyggingu við þjónustumiðjuna. Áhersla verður lögð á gott aðgengi, skjólgóð og græn útisvæði, gönguleiðir og sameiginlega félagsaðstöðu sem styður við daglega hreyfingu, samveru og félagsleg tengsl. Aðkoma verður frá Ásvallabraut og byggðin tengd nærliggjandi göngu- og hjólaleiðum.

Útg. | Dags. | Skýringar

ATH: Málsetningar eru í mm - Hæðarkótar eru í m

**Afstöðumynd**
mkv: 1 : 500

**Teikna**
Teiknistofa
Arkitekta

Vatnshlíð

| | | |
|---|---|---|
| Heiti teikningar : **Afstöðumynd** | Teikninganr. : **A0001** | Br . : |
| Verknr. : 25-900 | Teiknað. : GÖE | Dags : 18.ágúst 2026 |
| Staða : | Yfirf. : JEJ | Br. dags : |
| Mkv. : 1 : 500 | Samþ. : JEJ | Blaðastærð : A0 |